





Afmörkun skipulagssvæðis 29 ha
Lofmynd: Svami




VIÐFANGSEFNI OG FORSENDUR

Skipulagslýsing þessi er unnin á Teiknistofu Norðurlands fyrir hönd Minjastofnunar Íslands. Lýsingin gerir grein fyrir vinnu við deiliskipulag minjasvæðis á Hofstöðum og í henni koma fram upplýsingar um forsendur og fyrirhugað skipulagsferli í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagslýsingin er upphaf skipulagsvinnunnar og með kynningu á henni gefst hagsmunaaðilum og íbúum kostur á að leggja fram ábendingar og sjónarmið við upphaf skipulagsvinnu.

Markmið deiliskipulagsins er að bæta aðgengi og umferð ferðamanna um minjasvæðið. Viðfangsefni verða m.a. skilgreining á aðkomu og bílastæðum, stígakerfi, staðsetning og yfirbragð útsýnissvæða og stefnur um merkingar. Í skipulaginu verður skilgreindur byggingarreitir fyrir þjónustuaðstöðu. Lögð verður áhersla á að mannvirki hafi samræmda og hógværa heildarársýnd sem falli vel að sérkennum umhverfisins. Skipulaginu er ætlað að stuðla að verndun og varðveislu minja og náttúru á svæðinu.

Skipulagssvæðið er 29 ha að stærð og nær um minjasvæðið og að Laxá. Á svæðinu eru mannvirki sem tilheyra búsetu og búskap á jörðinni og er svæðið að mestu tún og óræktað land. Um er að ræða endurskoðun á gildandi deiliskipulagi frá 2017. Með gildistöku á endurskoðuðu deiliskipulagi fellur eldra skipulag úr gildi. Markmið og stefnur í nýju deiliskipulagi byggja á grunni skipulagsins frá 2017 en skipulagssvæðið er stækkað til að ná betur utanum minjar á svæðinu.

Hofstaðir eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Á landbúnaðarsvæðum er gert ráð fyrir starfsemi og byggingum sem tengjast landbúnaði en aðrar atvinnugreinar svo sem skógrækt og almenn ferðaþjónusta eru taldar til landbúnaðar. Á landbúnaðarsvæðum er heimilt að nýta byggingar og reisa byggingar fyrir þess háttar atvinnustarfsemi. Hofstaðir eru einn af 22 minjastöðum sem merktir eru eru á aðalskipulagsupprætti og eru minjastaðir valdir með hliðsjón af aðgengi og hlutverki þeirra í kynningu og fræðslu um sögu og minjar í sveitarfélaginu. Í aðalskipulaginu segir að í deiliskipulagi skuli stuðla að vandaðri umhverfismótun, s.s. þegar litið er til umfangs, forms, efnis, útlits og litavals nýbygginga. Jafnframt er vísað til stefnu íslenskra stjórnvalda um gæði byggingarlistar við mótun hins manngerða umhverfis.



Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 (þéttbýlisuppráttur)

ÁHRIFAMAT

Í deiliskipulaginu verður ekki gert ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021. Lagt verður mat á áhrif stefnunnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Skipulagssvæðið er á verndarsvæði laga um verndun Mývatns og Laxár 97/2004 en markmið laganna er að stuðla að náttúruvernd með sjálfbæra þróun og vistfræðilegt þol að leiðarljósi. Í skipulaginu verður tekið mið af ákvæðum laganna.

Umfangsmiklar fornleifarannsóknir hafa farið fram á svæðinu frá árinu 1991 en síðustu rannsóknir á Hofstöðum fóru fram árið 2020, en þá var verið að vinna að borkjarnarannsóknunum. Á Hofstöðum eru fjórir friðlýstar fornleifar og fjölmargar aldursfriðaðar fornleifar. Tekið er mið af skráðum menningarminjum í skipulaginu og verða minjar og áhrifasvæði þeirra merkt á skipulagsupprætti. Stefnur skipulagsins munu stuðla að stýringu ferðamanna um svæðið og verndun minja. Að öðru leyti er vísað til 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um ókunnar minjar.

SKIPULAGSFERILL

Skipulagslýsing þessi verður auglýst í staðarblaði, hún verður aðgengileg í á skrifstofu Þingeyjarsveitar og heimasíðu þess www.thingeyjarsveit.is. Leitað verður umsagna til samráðs- og umsagnaraðila. Almennings er gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar. Kynningartími og skilafrestur ábendinga mun koma fram í auglýsingu. Ábendingar skulu vera skriflegar og merktar „Deiliskipulag minjasvæðis á Hofstöðum“ og skal nafn sendanda, kennitala og heimilisfang koma fram. Þær skal senda á:

Þingeyjarsveit, skipulagsfulltrúi
Kjarni, 650 Laugar
eða á netfangið atli@thingeyjarsveit.is

Í framhaldi verður unnin tillaga að deiliskipulagi sem verður lögð fyrir skipulagsnefnd og sveitarstjórn. Þá verður tillagan auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með sex vikna athugasemdafrest. Skipulagsnefnd mun yfirfara þær athugasemdir sem kunna að berast að fresti loknum. Gefi þær tilefni til meiriháttar breytingar á tillögnum skal hún auglýst að nýju annars er tillagan send til afgreiðslu hjá sveitarstjórn. Skipulagsstofnun fær þá samþykkt tillögu senda til yfirferðar og að því loknu birtir sveitarstjórn auglýsingu um samþykkt og gildistöku deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda.

Áætluð tímalína skipulagsferlis er eftirfarandi:

Lýsing auglýst	Vinnutillaga kynnt	Tillaga auglýst	Gildistaka
September 2023	Desember 2023	Febrúar 2024	Árslok 2024